

Fundur í safna- og menningarmálanefnd þriðjudaginn 25. september 2007, kl. 17:00

Mættir: Eyþór Benediktsson, form., Dagbjört Höskuldsdóttir, Kristín Víðisdóttir, Ragnheiður Óladóttir og Erna Guðmundsdóttir.

Formaður setur fund.

1. Vatnasafn – sumarið, fyrstu opnunarmánuðir.

Ragnheiður upplýsir að ekki sé hægt að hafa safnið eftirlitslaust á opnunartíma. Gólfefnið virist verða fyrir áhrifum af sólarljósi, hluti dúksins er klístraður. Þrif á húsinu hafa verið erfið og reyndust þau unglíngum sem voru við störf fyrri hluta sumars ofviða. Marc, starfsmaður bókasafnsins tók verkið að sér í ágústbyrjun og hefur skilað því einkar vel, en kveður þrifin erfiðisverk. Hann mun ekki sinna því starfi áfram og hefur því verið ráðin manneskja í þrifin í hans stað. Nú eru allir gestir beðnir um að fara úr skóm og setja plasthlífar á fætur. Hugmynd hefur einnig komið upp um að láta útbúa margnota inniskó til nota í húsinu. Roni Horn ætlar að hafa samband við framleiðanda gólfefnisins vegna erfiðleika við viðhald.

Gestir sem hafa heimsótt safnið og fengið leiðsögn um það hafa sýnt verkinu mikinn áhuga. Ábendingar hafa komið um nauðsyn þess að hafa leiðsögn á safninu.

Verkaskipting aðila sem að safninu koma hefur ekki verið nægilega skýr framan af. Stykkishólmsbær er rekstraraðili safnsins í dag og Ragnheiður tengiliður vegna safnsins sem á að heyra undir safna- og menningarmálanefnd. Aðrir aðstandendur verksins hafa ekki alveg sleppt hendi af málum ennþá þó tók sé farin að slakna. Afskipti of margra aðila geta skapað erfiðleika. Vinna þarf að því að komast yfir þennan þröskuld þannig að haft sé samband við viðeigandi bæjaryfirvöld varðandi hugmyndir og verk. Safnið er lokað nú í vetur en Ragnheiður hefur lykil að safninu og er með vakt síma sem hægt er að hringja í. Hún vill gjarnan fá staðgengil sem getur tekið símann í hennar fjarveru. Einhverjar upptökur verða í safninu í vetur, bíósýning var í liðinni viku að frumkvæði Guðrúnar Evu en þær eru fyrirhugaðar reglulega, skáklúbbur mun hafa þar aðstöðu á þriðjudögum, tónlistarmenn og rithöfundar eru væntanlegir og má reikna með viðburði í hverjum mánuði.

2. Bókasafn.

Bókasafnið á 160 ára afmæli á þessu ári. Í tilefni þess munu verða sett upp til sýnis þrjú málverk eftir Victor G. Cilia. Einnig er hugmynd um upplestur úr nýrri bók, e.t.v. tónlistaratriði ásamt upprifun úr sögu safnsins.

Útlán jukust talsvert í sumar en opið var alla virka daga nema mánudaga. Ferðamenn og þá helst útlendingar notuðu tölvu mikið og má segja að tölva hafi verið í notkun nánast allan opnunartíma.

Brýnt er að lokið verði við endurbætur á húsinu, skipt um gler og gluggar minnkaðir og hitaveita tengd.

Ljósmyndasafn:

Í ágústbyrjun hittu Eyþór og Ragnheiður Sigurlína og Guðmund Pál vegna ljósmyndasafns. Þau Sigurlína og Guðmundur settu Eyþór og Ragnheiði inn í þá vinnu sem framundan er á safninu.

Fleira ekki gert.

Fundi slitið kl: 18:15.